

Fundargerð Íbúasamtakanna Átaks 6. Júní 2024

Mætt voru : Óðinn Hauksson, Karl Bjarnason, Marsibil Kristjánsdóttir, Jóvina M Sveinbjörnsdóttir, Guðmundur H Jónsson og Guðrún Steinþórsdóttir.

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar og síðasti fundur fyrir sumarfrí, og ýmislegt tekið fyrir meðal annars þetta :

Götusópun, ekki byrjað að sópa götur hér á Þingeyri en verið var að nota tækin annars staðar. Ákveðið að ýtreka við slökkviliðið hvort ekki sé hægt að smúla gangstéttirnar hér í bæ áður en götusópurinn mætir. Þegar þessi fundargerð er rituð hefur slökkviliðið smúlað meiripartinn af gangstéttum í bænum og götusóparabíllinn mættur.

Átak vill fá malbikað við skólann, stæði við félagsheimilið, brekkuna við Hrunastíg og hlíðargötuna. Ljóst er að ekki verður af því í ár en þetta mætti undirbúa í ljósi þess að Hafnarstrætið verður væntanlega malbikað næsta sumar.

Ákveðið að ýta aftur við Vegagerðinni og tók formaður að sér að hafa samband við Birgittu hjá Vegagerðinni í Borgarnesi varðandi hraðahindranirnar sem við óskuðum eftir í fyrra. Svörin voru á þá leið í Borgarnesi að við mættum vænta þess að af því yrði fyrir aðal sumar traffíkina.

Vegvísar, en við viljum gjarnan fá vegvísi eins og er á Silfurtorgi sem vísar á hvar eru : sundlaug, tjaldsvæði, smiðjan, leikhús, Sandafell, Svalvogar, hótél ofl ofl.

Hvernig er staðan á höfninni, fjármagn ?

Girðingamál í ólestri, kindur komast óhindrað inn í bæinn á fjörunni og voru 6-7 kindur fyrir innan grindarhliðið þann 11 júní, eftir að verktakar hjá Ísafjarðarbæ höfðu unnið í fleiri daga við viðhald á girðingunni í bæjarlandinu, enn eru netlausir ystu og helmingurinn af girðingunni sem er út í sjó.

Stjórn íbúasamtakanna vill koma því á framfæri við Ísafjarðarbæ að við erum ekki ánægð með staðsetningu á hreinsistöð sem nú eru byrjaðar framkvæmdir á, á undirstöðum og að þessi ákvörðun skuli hafa verið tekin um staðsetningu án samráðs við íbúa. Í framtíðinni óskum við eftir því að við allar meiri háttar framkvæmdir á Þingeyri séu íbúar hafðir með í ráðum og hafi eitthvað að segja um málið, en ekki eins og í þessu tilfelli, málið eða framkvæmdin kynnt fyrir íbúum þegar búið er að taka allar ákvarðanir og framkvæmdir að hefjast.

Umræða um kirkjugarðinn, sóknarnefnd, aðalfundur ? Steinveggurinn að ofanverðu og utanverðu er orðinn illa farinn, myndum vilja leggja til að hann yrði tekinn niður og settur timburveggur eins og er við Vallagötuna.

Ákveðið að reyna að hafa upp á Kjartani Ingvarssyni eiganda Gramsverslunar eða Fasteignafélagi Þingeyrar og óska eftir fundi með honum en margar spurningar

brenna á íbúum varðandi framtíð gömlu Gramsverslunar en þar hefur ekkert skeð nú í á þriðja ár og alltaf heldur hún áfram að veslast upp.

Varðandi Gramsverslun, er búið að setja rafmagnið yfir á nýjan eiganda ? eða er Ísafj.bær enn að borga bæði rafmagn og fasteignagjöld ?

Íbúasamtökin mælast til þess að skurðirnir fyrir ofan bæinn séu slegnir, að lúpínan í skurðunum sé slegin svo skurðirnir séu ekki fullir af gróðri að hausti þegar vetur gengur í garð.

Ítrekum enn og aftur ósk okkar um fastann starfsmann hér á Þingeyri og að Þingeyri hafi rödd í bæjarfélaginu, eðlilegast væri að hér væri heimastjórn.

Hér á Þingeyri finnst okkur vanta húsnæði í eigu Ísafjarðarbæjar fyrir tæki og áhöld sem eðlilegt væri að staðsett væru hér, og "starfsmaður" hefði eftirlit með og til nota hér á Þingeyri. Fram kom á fundinum að á Bíldudal væri þetta þannig að slökkvilið og áhaldahús eru í sama húsi en sitt hvoru bilinu.

Varðandi Blábanka húsnæðið, mætti Landsbankinn fara að huga að viðhaldi, bæði varðandi húsið að utan og lóðina.

Heilbrigðiseftirlit hefur verið að merkja bíla hér undanfarið með tilkynningu með að þeir verði fjarlægðir á kostnað eiganda ef þeir verði ekki fjarlægðir innan ákveðins tíma.... Stundum brestir í að þeir séu svo fjarlægðir eftir tilskilinn tíma.

Hólarnir / fornmyrnar innanvert við kirkju mættu vera merktar sem slíkar, spurning hver eða á hverra vegum yrði það hugsanlega gert ?

Túnið eða bletturinn fyrir neðan pósthúsið og innan við Tjörn er illa nýttur og mætti vel nýta betur sem bílastæði fyrir Tjörn, félagsheimili, frystihús, hótelið... leggjum það til, því þarna er bílum oft keyrt upp á grasið þegar mikið er um að vera í félagsheimilinu.

Áramótabrenna, er yfirleitt haldinn í fjörunni hér á Þingeyri en það hefur viljað brenna við að ekki sé nægilega vel hreinsað upp eftir brennuna og vitum við til þess að yfirmaður sundlaugar/tjaldsvæðis hafi gengið þarna um með málmleitartæki til að fólk slasi sig ekki á nöglum ofl. sérstaklega þeir sem stunda sjósund og ganga þarna um berfættir. Er samningur um það, að Ísafjarðarbær sjái um hreinsun eftir brennu björgunarsveitarmanna ?

Ákveðið að hafa samband við Neyðarlínuna vegna vegarins upp á Sandafell, en hann þarfnast viðhalds, annars vegar sem bílvegur fyrir þá sem þurfa að komast þarna upp og svo sem göngustígur fyrir ferðamenn til að njóta hins fallega útsýnis þarna upp á.

Fleira ekki gert, fundi slitið 21.30